

SKIPULAGS- OG UMHVERFISFULLTRÚI

Laust er til umsóknar starf skipulags- og umhverfisfulltrúa Vestmannaeyjabæjar. Um er að ræða 100% starf innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins. Leitað er að metnaðarfullum aðila til að stýra fjölbreyttum verkefnum í skipulags- og umhverfismálum sveitarfélagsins. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

Skipulags- og umhverfisfulltrúi hefur yfirumsjón með skipulags-, umhverfis- og náttúruverndarmálum sveitarfélagsins, þjónustu við íbúa og ráðgjöf fyrir bæjarstjórn, fagráð og nefndir sem fara með þau mál.

Skipulags- og umhverfisfulltrúi er starfsmaður umhverfis- og framkvæmdasviðs og lýtur stjórn framkvæmdastjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Umsækjandi skal uppfylla menntunar og hæfniskröfur samkvæmt 7. grein skipulagslaga nr. 123/2010 og 2.5. kafla skipulagsreglugerðar nr. 90/2013
- Þekking og reynsla af skipulags- og umhverfismálum er æskileg.
- Reynsla af störfum í opinberri stjórnarsýslu er kostur.
- Reynsla af þátttöku í stefnumótandi áætlanagerð og gerð rekstrar- og fjárhagsáætlana er æskileg.
- Færni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Góð tölvu og enskukunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ólafur Þór Snorrason, framkvæmdastjóri Umhverfis- og framkvæmdasviðs á netfanginu

olisnorra@vestmannaeyjar.is

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélags og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Vestmannaeyjabær hvetur jafnt konur sem karla til að sækja um starfið.

Umsóknum skal fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknir skulu sendar á netfangið olisnorra@vestmannaeyjar.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin

Umsóknarfrestur er til og með 15. apríl 2020.



Vestmannaeyjabær
www.vestmannaeyjar.is